

Rannsóknasetur Háskóla Íslands

Ragnar Edvardsson  
Aðalstræti 21  
415 Bolungarvík



UMHVERFISSTOFNUN

Hellissandi 4. júlí 2017  
UST201706-245/JB

### Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi – Beruvík á Snæfellsnesi

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Ragnars Edvardssonar, fyrir hönd Rannsóknarseturs Háskóla Íslands, dags. 22. júní 2017, um rannsóknarleyfi í Beruvík, sem staðsett er innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001 og um hann gilda ákvæði 47. og 82. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, auk ákvæða reglugerðar nr. 568/2001 um þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Umhverfissráðherra staðfesti verndaráætlun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 15. júní 2010 í samræmi við 22. gr. reglugerðarinnar. Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Hvorki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum.

#### Lýsing framkvæmdar:

Sótt er um rannsóknarleyfi við Beruvík. Áætlað er að rannsóknin fari fram á tímabilinu 1. til 30. júlí n.k. Þrír þátttakendur taka þátt í rannsókninni og er markmið rannsóknarinnar að fá hugmynd um umsvif og áhrif verslunar Hollendinga á 17. og 18. öld á íslenskt samfélag, með rannsóknnum á gripum úr öskuhaugum tiltekinna jarða. Áætlað er að taka skurð, 2 x 2 metra, í öskuhaug í Beruvík. Í lok uppgraftrar verður jarðvegi mokað ofan í skurðinn og torf sett þannig að lítil ummerki rannsóknarinnar verða merkjanleg. Engin vélknúin tæki verða notuð. Leitað verður í öskuhaug við Bakkabúð og Nýjabúð.

#### Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, efnistaka og hvers konar annað jarðrask innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er háð leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 18. gr. reglugerðar, nr. 568/2001.

Verndargildi þjóðgarðsins felst m.a. í menningarminjum frá þeim tíma þegar gert var út á arabátum frá verstöðvum víða við ströndina. Tryggja þarf að menningarminjar séu verndaðar m.a. með því að stuðla að skráningu, rannsóknnum og fræðslu, og sjá til þess að hvergi sé við þeim hróflað nema með samþykki viðkomandi stjórnvalds. Meðal verkefna sem lögð eru til í verndaráætlun þjóðgarðsins:

- Halda þarf áfram skráningu minja innan þjóðgarðsins eftir því sem þörf er á og kanna hvar er þörf á endurskráningu minja vegna þess hversu þéttar þær eru.
- Kortleggja fornleifar innan þjóðgarðsins, þar með taldar fornar leiðir.

- Lendingar og aðrar menningarminjar við ströndina verði mældar upp og kortlagðar.
- Upplýsa þarf gesti þjóðgarðsins um menningarminjar með hóflegum skiltum, upplýsingum á netinu og útgáfu sérstakra bæklinga um fornleifar.

Umhverfisstofnun telur, að framangreindu virtu, rannsóknina í samræmi við verndargildi og verndarmarkmið þjóðgarðsins.

### Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknnum innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfishafi haldi raski í lágmarki, eins og hægt er.
- Leyfishafi gæti að rannsóknarsvæði vegna utanaðkomandi áhrifa, s.s. vegna lausagöngu búfjár, uppblæstri og öðru því sem tjóni gæti valdið.
- Þjóðgarðsvörður, fái upplýsingar um verktíma, þ.e. hvenær verkið hefst og hvenær því lýkur. Vinsamlegast hafið samband við Jón Björnsson í síma 8224056.
- Tilkynna ber þjóðgarðsverði um frávik, ef einhver verða, við ofangreinda rannsóknarlýsingu.
- Umhverfisstofnun óskar eftir niðurstöðum rannsókna að vinnu lokinni og heimild til þess að nýta gögn, t.d. til fræðslu.


Umhverfisstofnun vekur athygli umsækjanda á því að afla tilskilinna leyfa áður en rannsókn hefst, s.s. leyfi Minjastofnunar fyrir uppgreftinum, landeiganda, sveitarfélags eða annarra sem samráð gæti þurft að hafa við.


### Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með rannsóknarsvæði á meðan á rannsókn stendur og frágangi á svæðinu að verki loknu. Eftirlitið verður framkvæmt af þjóðgarðsverði Snæfellsjökulþjóðgarðs og verður það framkvæmt samhliða hefðbundnum störfum þjóðgarðsvarðar.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 1. mgr. 92. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þar sem framangreind rannsókn er til þess fallin að styðja verndargildi svæðisins er afgreiðslugjald fellt niður.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Jón Björnsson  
Þjóðgarðsvörður